



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: skrifstofa borgarstjórnar

Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fjölda leigjenda og hlutfall ráðstöfunartekna

Á fundi borgarráðs þann 15. apríl 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Óskað er eftir upplýsingum um hversu margir reykvíkingar greiddu meira en 25% af ráðstöfunartekjum sínum í leigu árið 2019? Einnig er óskað eftir skiptingu eftir hlutföllum, t.d. hversu margir greiddu lægra en 30% ráðstöfunartekna sinna í leigu, svo 30-49%, 50-69% og 70% eða hærra af ráðstöfunartekjum sína í leigu. Einnig er óskað eftir því að fá þetta brotið niður á tegund leigusala, þ.e.a.s. hlutfall sem leigja af einstaklingi á almennum markaði, af ættingjum og vinum, af einkareknu leigufélagi, á stúdentagörðum, af sveitarfélagi eða annarsstaðar. Ef ekki er hægt að fá fram nákvæmar upplýsingar er óskað eftir gróflegu mati eða niðurstöðum úr þeim könnunum eða húsnæðisbótakerfinu sem til eru sem geta varpað ljósi á stöðu leigjenda. Ef nýlegri tölur eru til en frá árinu 2019 er einnig óskað eftir því að fá þær. Hér er leitast við að greiða stöðu leigjenda og hversu margir eru að greiða hátt hlutfall ráðstöfunartekna sinna í leigu. Ef auðveldara er að greina hópinn með því að skipta leigjendum út frá þeim sem leigja á hinum almenna leigumarkaði og svo hjá hinu opinbera væri gagnlegt að fá þær niðurstöður. Einnig ef auðveldara er að birta svör með því að greina niðurstöðurnar út frá ákveðnum tekjuhópum, líkt og fjallað er um í svarbréfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar við svari Sósíalistaflokks Íslands um Stöðu leigjenda í Reykjavík – hlutfall leigu af ráðstöfunartekjum, dagsett 29.3.2021, þá væri gagnlegt að fá það. Fulltrúi sósíalista er einnig að leitast við að sjá hvort að lágtekjuhópar séu að greiða hærra hlutfall ráðstöfunartekna sinna í leigu miðað við aðra tekjuhópa?

Svar:

Umbeðnar upplýsingar um ráðstöfunartekjur einstaklinga, fjölda og eðli leigusamninga og tengsl milli leigutaka og leigusala liggja ekki fyrir hjá Reykjavíkurborg.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar